



Lúxemborg, 29. júlí 2022

FRÉTTATILKYNNING 05/2022

Dómur í máli E-2/22 A gegn norsku tryggingastofnuninni

BRÁÐABIRGÐAÐSTOÐ TELST FJÖLSKYLDUBÆTUR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Almannatryggingadómstól Noregs (Trygderetten) varðandi túlkun reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa („reglugerðin“).

Málið sem er til meðferðar hjá Almannatryggingadómstól Noregs snýr að ákvörðun norsku tryggingastofnunarinnar (NAV) sem synjaði umsókn A um bráðabirgðaaðstoð (overgangsstønad) í Noregi. A er sænsk og átti von á barni á þessum tíma. Grundvöllur ákvörðunarinnar var að samkvæmt norskum lögum er það skilyrði fyrir bótunum að hafa átt a.m.k. þriggja ára aðild að almannatryggingakerfi landsins. A hafði eingöngu átt aðild að kerfinu í tæp tvö ár.

Með fyrri spurningunni sem Almannatryggingadómstóllinn beindi til EFTA-dómstólsins var leitað svars við því hvort framangreindar bætur teldust til fjölskyldubóta í skilningi j-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 883/2004 eða hvort þær teldust sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur í skilningi 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 70. gr. hennar. EFTA-dómstóllinn benti á að bætur á borð við bráðabirgðaaðstoðina létti framfærslubyrði einstæðs foreldris sem annast uppeldi eins eða fleiri barna og dragi úr kostnaðinum sem fylgir atvinnumissi. EFTA-dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að framangreindar bætur jafngildi fjölskyldubótum í skilningi j-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 883/2004.

Þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að bæturnar væru ekki sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur í skilningi 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 70. gr. Slíkar bætur eru einungis þær sem tilgreindar eru í viðauka X við reglugerðina en bráðabirgðaaðstoðina er ekki þar að finna.

Með síðari spurningu sinni leitaði Almannatryggingadómstóllinn eftir skýringu EFTA-dómstólsins á því hvort það hefði einhverja þýðingu fyrir matið á fyrstu spurningunni að til að fá rétt til áframhaldandi bóta þegar yngsta barnið nær eins árs aldri þá séu gerðar kröfur um atvinnu. EFTA-dómstóllinn benti á að sú staðreynd að bæturnar stuðli einnig að öðrum markmiðum, eins og til dæmis að atvinnuþátttöku og menntun sem er nauðsynleg til að komast á vinnumarkað þá þýði það ekki að tilgreindar bætur falli utan reglugerðarinnar að því tilskildu að þær falli undir eitt af þeim hugtökum sem skilgreind eru í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Dómstóllinn taldi því að krafa um atvinnuþátttöku haggæði ekki skilgreiningu þessara bóta samkvæmt reglugerðinni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.